

Fundargerð 32. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2018, miðvikudaginn 2. maí kl. 12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar símafundur í Virkisbúð.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Sigrún Hauksdóttir, Nanna Jónsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skattlagning orkumannvirkja - 1804001SO

Formaður greindi frá fundi síns og starfsmanns sl. mánudag með Sigurði Inga Jóhannssyni, ráðherra og Hermanni Sæmundssyni, skrifstofustjóra sveitarstjórnarskrifstofu samgönguráðuneytis um skattlagningu orkumannvirkja. Fram kom að ráðherra hefur skilning á stöðu sveitarstjórnarstigsins í þessum málum. Til skoðunar er að setja nýjan starfshóp á fót, sem tæki upp þráðinn þar sem fyrri hópur skildi við hann og legði fram endanlegar tillögur. Einnig kom fram að Þjóðskrá vinni að því taka saman upplýsingar um orkumannvirki.

Formanni og starfsmanni var falið að halda vinnunni áfram og fylgja því eftir að starfshópnum verði komið á fót.

2. Orkufundur 2018 - 1803001SO

Formaður greindi frá fundi sem hann átti ásamt starfsmanni með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga um sameiginlegt málþing með samtökunum um vindorkumál, sbr. bókun á 858. stjórnarfundum sambandsins. Leggur formaður í framhaldi af því til, að gengið verði til samstarfs við sambandið um sameiginlegan orkufund. Ekki er talið ráðlagt að bíða með fundinn til haustsins og er því lagt til að sameiginlegur orkufundur fari fram 8. júní nk.

Engar athugasemdir voru gerðar við breyttar áherslur og var formanni og starfsmanni falið að vinna áfram að undirbúningi málsins í samstarfi við sambandið.

3. Samtök orkusveitarfélaga - önnur mál - 1803002SO

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi var slitið kl. 12:30

Stefán Bogi Sveinsson

Sigrún Hauksdóttir

Nanna Jónsdóttir

Þorsteinn Gunnarsson